

Mánudaginn 28. júní 1993.

Nr. 258/1993. **Hrafnhildur Magnúsdóttir**

gegn

Birnu Gerði Hermannsdóttur.

Kærumál. Innsetning. Bifreiðar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Sóknaraðili hefur með heimild í 4. mgr. 84. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 1. tl. 102. gr. laga nr. 92/1991, skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 26. maí 1993, sem barst réttinum 21. júní. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og varnaraðila gert að greiða sér málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Á grundvelli hins kærða úrskurðar tók fulltrúi sýslumannsins í Reykjavík bifreiðina úr vörslum sóknaraðila og afhenti varnaraðila 26. maí sl. Varnaraðili keypti bifreiðina 26. september 1992 og er nú skráður eigandi hennar. Deilur sóknaraðila við viðsemjanda sinn í kaupsamningi um bifreiðina varða ekki varnaraðila með beinum hætti, en sóknaraðili hefur höfðað sérstakt mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur til riftunar á samningnum. Með vísan til þessa og forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Sóknaraðili skal greiða varnaraðila 20.000 krónur í kærumálskostnað.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Hrafnhildur Magnúsdóttir, greiði varnaraðila, Birnu Gerði Hermannsdóttur, 20.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 21. maí 1993.

I.

Mál þetta, sem þingfest var 28. apríl sl., var tekið til úrskurðar 12. þ. m. að loknum munnlegum málflutningi.

Gerðarbeiðandi er Birna Gerður Hermannsdóttir, kt. 161265-5279, Hjarðarhaga 33, Reykjavík, en gerðarþoli Hrafnhildur Magnúsdóttir, kt. 080955-3089, Vallarhúsum 40, Reykjavík.

Gerðarbeiðandi krefst þess, að úrskurður gangi um, að bifreiðin Daihatsu Charade, árg. 1988, fastnr. IM-134, verði tekin úr vörslu gerðarþola og afhent gerðarbeiðanda með beinni aðfarargerð. Þá krefst gerðarbeiðandi málskostnaðar að skaðlausu auk 24,5% vsk.

Gerðarþoli gerir eftirfarandi dómkröfur:

„1. að hafnað verði kröfu gerðarbeiðanda um innsetningu bifreiðarinnar IM-134, R-74175, skv. ákv. XII. kafla laga nr. 90/1989,

2. að gerðarbeiðandi verði dæmdur til þess að greiða gerðarþola málskostnað auk virðisaukaskatts og að málskostnaðarfjárhæðin beri dráttarvexti skv. ákv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags“.

II.

Málavextir: Hinn 26. september 1992 keypti gerðarbeiðandi framangreinda bifreið af Val Júlíussyni, kt. 170767-5009. Valur hafði daginn áður keypt bifreiðina af Engilbert Runólfssyni, kt. 180964-5769. Samkvæmt vottorði frá Bifreiðaskoðun Íslands hf., sem lagt hefur verið fram sem dskj. nr. 5, var Engilbert skráður eigandi bifreiðarinnar frá 18. s. m., en á undan honum er gerðarþoli skráður eigandi.

Gerðarbeiðandi fékk bifreiðina afhenta við kaupin, en 18. október s. á. var bifreiðin án vitundar eða vilja gerðarbeiðanda tekin að undirlagi gerðarþola, eða eins og segir í greinargerð gerðarþola: „Umbj. m. rifti kaup með því að taka umráð bifreiðarinnar aftur.“

Aðilar reyndu nú að ná samkomulagi um riftun og greiðslur með aðstoð lögmanna sinna, en þegar það gekk ekki eftir, kærði gerðarbeiðandi Engilbert Runólfsson, til RLR fyrir ætlað brot gegn XXVI. kafla alm. hgl. með bréfi 11. janúar sl. En með bréfi 12. mars sl. féll gerðarbeiðandi frá kærinni, og segir þar m. a.: „Ég tel, að grundvöllur máls þessa hafi breyst, hvað umbjóðanda minn varðar, eftir að Engilbert Runólfsson afhenti ljósrit sölutilkynninga og annarra gagna, m. a. umboð varðandi kaup og sölu á bifreiðinni, sem hefur haft það í för með sér, að bifreiðin er nú orðin skráð eign umbjóðanda míns í samræmi við gögn málsins ...“.

III.

Af hálfu gerðarbeiðanda er játað, að á þeim tíma, sem kaup voru gerð, hafi gerðarþoli verið skráður eigandi bifreiðarinnar. Hins vegar hafi henni þá verið tjáð, „að formsatriði væri að ganga frá umskráningu“, en umboðsmaður seljanda, Vals Júlíussonar, við kaupin hafi verið Engilbert Runólfsson.

Málsástæður sínar telur gerðarbeiðandi vera þær, að hún sé óumdeilanlegur eigandi bifreiðarinnar, sem hún hafi eignast með samningi við Val Júlíusson og greitt að fullu með 260.000 kr. í peningum og með ávísun til greiðslu 1. nóv. 1992, að fjárhæð 10.000 kr., en fyrir liggi gögn um réttmæta eignarheimild hans, þá sé hún skráður eigandi og því réttmætur vörsluhafi bifreiðarinnar.

Af hálfu gerðarbeiðanda er staðhæft, að þegar hún keypti bifreiðina af Val fyrir milligöngu Engilberts, hafi sér verið ókunnugt um hugsanlegar ástæður gerðarþola til að rifta samningi við Engilbert, enda hafi öðru ekki verið haldið fram af hálfu gerðarþola, og í þessu sambandi skipti ekki máli um vitneskju sína síðar, reglur um traustfang standi því í vegi, að taka gerðarþola á bifreiðinni úr sínum höndum geti skoðast sem lögmat sjálf-taka.

Af hálfu gerðarþola er haldið fram, að hún sé réttur eigandi bifreiðarinnar, enda hafi hún aldrei afhent afsal fyrir bifreiðinni né veitt heimild til að umskrá hana. Því er haldið fram, að með gerðarþola og Engilbert Runólfssyni hafi tekist samkomulag um kaup Engilberts á bifreiðinni í september 1992. Kaupverðið hafi verið ákveðið 380.000 kr. og átt að greiða með tékka, 350.000 kr., til framsals 8. október 1992, og með 30.000 kr. í peningum. Að sögn gerðarþola varð að samkomulagi, að afsal yrði ekki afhent, fyrr en tékkinn fengist greiddur. Engilbert hafi því aldrei haft frumrit afsalsins í höndum, þar sem tékkinn fékkst ekki innleystur. Og þegar tilraunir til að knýja Engilbert til að efna skyldur sínar sem kaupandi báru ekki árangur, hafi ekki annað verið til ráða en rifta kaupin með því að taka bifreiðina aftur, enda hafi hún á þeim tíma verið skráð eign gerðarþola og engin raunveruleg gögn legið fyrir, sem gæfu tilefni til umskráningar á nafn annars. Af hálfu gerðarþola er staðhæft, að Engilbert Runólfsson hafi verið skráður eigandi á grundvelli ljósrits af afsali til hans, sem hann hafði enga heimild til að nota né Bifreiðaskoðun Íslands hf. rétt til að reisa umskráningu á.

IV.

Enda þótt gerðarbeiðandi hafi sýnt ógætni með því að kaupa bifreið af aðila, sem var ekki skráður eigandi hennar, er á hitt að líta, að þar átti gerðarbeiðandi í skiptum við bílasala, en upplýst er, að Engilbert Runólfs-

son var bílasali að atvinnu, þegar salan fór fram. Hann hafði bifreiðina undir höndum með nokkuð óvenjulegum skilmálum frá gerðarþola og, eins og lýst er, ljósrit, sem gaf í skyn eignarheimild, sem allt verður að telja nærtækara, að gerðarþoli beri áhættuna af frekar en gerðarbeiðandi. Gerðarþoli varð því ber að gertæki með töku bifreiðarinnar úr vörslum gerðarbeiðanda, eins og greint hefur verið frá. Því verður að fallast á kröfu gerðarbeiðanda um innsetningu, og hefur sú niðurstaða stuðning af því, að gerðarbeiðandi er nú skráður eigandi bifreiðarinnar „IM134/R74175 DAIHATSU 1988“.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðili um sig beri sinn málskostnað. Páll Þorsteinsson héraðsdómari kvað upp úrskurðinn.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Krafa gerðarbeiðanda um innsetningu í bifreiðina Daihatsu Charade, árg. 1988, fastnr. IM-134, er tekin til greina. Málskostnaður er ekki dæmdur.
